

Norðurþing
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Reykjavík, 16. janúar 2023
UST202202-325/G.S.O.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 6. desember 2022 þar sem kom fram að frávik hefðu verið skráð í eftirliti á urðunarstað Norðurþings í Laugardal. Þann 13. janúar 2023 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Opin eru eldri frávik frá eftirliti 2020 er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Heimilt er að urða allt að 500 tonn af óvirkum úrgangi á ári. Á urðunarstaðnum mátti finna nokkuð af plasti og brotajárni sem ekki flokkast sem óvirkur úrgangur og á ekki að vera á urðunarstaðnum. **Samkvæmt ljósmynd frá rekstraraðila hefur plast og brotajárn verið fjarlæggt og frávikinu því lokað.**
2. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein skal birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra og fugla. Úrgangur í urðunarrein var ekki birgður við eftirlit. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur ekki náðst að grafa yfir en það verður gert við fyrsta tækifæri í vor þegar snjóá leysir.**

Tvö ný frávik komu fram er varða:

1. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu. Urðunarstaðurinn er ekki snyrtilegur og rekstraraðili hefur ekki sinnt frágangi í samræmi við ákvæði starfsleyfis síns. **Samkvæmt ljósmynd frá rekstraraðila hefur verið bætt úr frávikinu.**
2. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksá, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Skráningum vegna ársins 2021 hefur ekki verið skilað. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur verið ráðinn nýr starfsmaður sem mun sjá um skráningarnar.**

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að skráningum skal skila fyrir 1. maí ár hvert.

Fallist er á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.



UMHVERFIS

STOFNUN

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir
Sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur